

3. bekkur

Hlustun og áhorf

- Skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim.
- Fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglings.
- Hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.

Lestur og lesskilningur

- Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Skilið megininntak einfaldra rauntexta með stuðningi ef þarf.
- Lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.

Samskipti

- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum.
- Tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.

Frásögn

- Tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt.
- Flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.

Ritun

- Skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.
- Byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki.
- Skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans.
- Skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel.
- Samið stutta texta frá eigin brjósti.

Menningarlæsi

- Sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins.
- Gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði.

Lykilhæfni – 3. bekkur

Tjáning og miðlun

- Lært og notað fjölbreytt orð til að ræða ólik viðfangsefni.

Nám og vinnubrögð

- Sýnir frumkvæði í námi og spyr spurninga til að skilja betur.

Enska – Kennsluaðferðir og námsmat í 3. bekk

Árgangur	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
3. bekkur	<ul style="list-style-type: none">TPR, leikræn tjáningsögursöngurleikirverkefnablöðverkefnabækur (enska)sýnikennslahlustunaræfingarritunskapandi vinna	<ul style="list-style-type: none">Ijósrit frá kennaraYes we can 3leikir, tónlist og annað efni	<ul style="list-style-type: none">Símat yfir veturinnMetið með 6 hæfnitáknunum eðametið lokið eða ólokið <p> Framúrskarandi  Mjög góð hæfni  Góð hæfni  Á góðri leið  Þarfast þjálfunar  Hæfni ekki náð  Ólokið</p>